



Ársskýrsla **2006**



Akureyrarbær

Geislagötu 9
600 Akureyri
Sími 460 1000
Fax 460 1001
www.akureyri.is.

Allar upplýsingar um símanúmer einstakra stofnana og netföng starfsmanna er að finna á heimasíðu bæjarins.

Útgefandi:	Akureyrarbær 2007
Umsjón:	Ragnar Hólm Ragnarsson
Yfirlestur og prófarkir:	Gunnar Frimannsson og Sigríður Stefánsdóttir
Ljósmýndir:	Ragnar Hólm Ragnarsson og Hrafnhildur Reykjalín
Hönnun og umbrot:	Ásprent
Prentun og bókband:	Stíll



EFNISYFIRLIT

Ávarp bæjarstjóra	4
Stjórnsýslusvið	4
Fjármál bæjarins	5
Markaðs- og kynningarmál	5
Starfsmannapjónusta	6
Jafnréttismál og fjölskyldustefna	7
Húsnæðismál	7
Félagssvið	8
Fjölskyldudeild	8
Heilsugæslustöðin á Akureyri	8
Búsetudeild	9
Öldrunarheimilin	9
Skóladeild	10
Menningardeild	11
Íþrótta- og tómstundadeild	12
Fasteignir Akureyrarbæjar	13
Tækni- og umhverfissvið	14
Framkvæmdadeild	14
Skipulagsdeild	15
Stjórnkerfisbreytingar hjá Akureyrarbæ	16
Fulltrúar Akureyrarbæjar í nefndum og stjórnnum 31.desember 2006	18



ÁVARP BÆJARSTJÓRA

Ágætu Akureyringar,

Á árinu 2006 var gengið til sveitarstjórnarkosninga og að þeim loknum mynduðu Sjálfstæðisflokkur og Samfylking meirihluta í bæjarstjórn Akureyrar sem mun starfa í þágu bæjarfélagsins næstu fjögur árin. Í málefnasamningnum er kveðið á um fjölmörg verkefni sem bæjarstjórn mun hrinda í framkvæmd á kjörtímabilinu. Þar má nefna framkvæmdir á miðbæjarsvæðinu og nýjar áherslur í sorpmálum, áframhaldandi uppbyggingu í íþrótt- og menningarmálum og eflingu markaðs- og kynningarstarfs Akureyrar með stofnun Akureyrarstofu sem verður falið það verkefni að annast þá málaflokka ásamt menningarmálum og atvinnumálum.

Í samstarfssamningi meirihlutaflökkanna var jafnframt ákveðið að fara í töluverðar breytingar á stjórnsýslu bæjarins. Sviðaskipan var lögð niður og beinum tengslum komið á á milli framkvæmdastjórnar og deilda og stofnana. Markmiðið með þessum breytingum er að gera stjórnskipan bæjarins skilvirkari og einfaldari (sjá nánar bls. 16).

Akureyrarbær hefur umfangsmikinn rekstur með höndum og er eflaust með fjölbreyttasta rekstur sveitarfélaga á landinu. Því er mikilvægt að leita sifellt leiða til að sinna verkefnum bæjarfélagsins betur og á sem hagkvæmasta hátt. Áhersla síðustu ára hefur verið á að byggja upp öfluga grunngerð samfélagsins og ég fullyrði að við bjóðum bestu aðstæður og þjónustu á landinu fyrir unga sem aldna.

Á árinu var tekin í notkun ný álma við Öldrunarheimilið Hlíð, og er það fyrsti áfanginn í að endurnýja öldrunarheimili Akureyrarbæjar. Nýr leikskóli, Hólmasól, hóf starfsemi á árinu en Hólmasól er einkarekinn leikskóli undir merkjum Hjallastefnunnar og auðgar enn það góða og öfluga leikskólastarf sem hér er.

Mikil uppbygging hefur verið í verslun og þjónustu hér í bæ og það er ánægjulegt að heyra forsvarsmenn fyrirtækja á því sviði nær undantekningalaust lýsa ánægju sinni með þá stefnu að byggja hér upp til framtíðar. Það er vel.

Staða okkar er sterk á sviði fræðslu, menningar og tómstunda. Þessir þættir í samfélagsgerðinni eru mikilvægir fyrir uppbyggingu bæjarins og munu án efa skapa okkur enn frekari sóknarfæri í framtíðinni.

Á Akureyri eru öll lífsins gæði og mikilvægt er að allir leggist á eitt að halda fram kostum bæjarins. Gott samstarf hefur verið bæði við Háskólann og framhaldsskólana um sameiginlegt kynningarstarf og það er mikilvægt að bærinn sé vel kynntur sem framtíðar-búsetukostur á meðal þess fjölda námsmanna sem hér er.

Horfum bjartsýn til komandi ára og stöndum saman, Akureyringar, um að tala vel um bæinn okkar og þau lífsins gæði sem hér eru. Þau lífsgæði eru sterkasta vopn okkar í baráttunni fyrir áframhaldandi vexti Akureyrar.



Sigrún Björk Jakobsdóttir,
bæjarstjóri á Akureyri

Bæjarbúar

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands voru íbúar Akureyrar 16.736 hinn 1. desember 2005. Samkvæmt bráðabirgðatölum voru íbúar 1. desember 2006 16.822 og hafði fjölgað um 86 eða 0.51 %. Karlar voru 8.256 og konur 8.566.

Frá 2. desember 2005 til 1. desember 2006 fæddust 263 börn en 93 bæjarbúar létust. Samkvæmt hreyfingaskrá Hagstofu voru brottfluttir 1.047 en aðfluttir til bæjarins 963, þ.e. brottfluttir umfram aðflutta voru 84.

Flutningar innan bæjarins voru 2.223 á árinu 2006.

Elsti íbúi bæjarins í árslok 2006 var Ólafur Árnason, 102 ára.



STJÓRNSÝSLUSVIÐ

Bæjarstjórn og bæjarráð

Bæjarstjórnarkosningar fóru fram 27. maí 2006. Kosíð var í Oddeyrarskóla. Á kjörskrá voru 12.066 en atkvæði greiddu alls 9.461 eða 78,4%. Utan kjörfundar kusu 1.245 en á kjördag sjálfan kusu 8.216, auðir kjörseðlar voru 168 og ógildir 15.

Í framboði voru 6 listar. Listarnir voru: B-listi Framsóknarflokks, D-listi Sjálfstæðisflokks, L-listi fólksins, O-listi Framfylkingarflokksins, S-listi Samfylkingar og V-listi Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs. Hluta þeir atkvæði og fulltrúa sem hér segir (úrslit frá 2002 eru tilgreind í sviga):

B-listi	1.427	1 fulltrúi	(2.124 atkv.	3 fulltrúar)
D-listi	2.950	4 fulltrúar	(3.144 atkv.	4 fulltrúar)
L-listi	906	1 fulltrúi	(1.568 atkv.	2 fulltrúi)
O-listi	299	0 fulltrúa		
S-listi	2.190	3 fulltrúi	(1.225 atkv.	1 fulltrúi)
V-listi	1.506	2 fulltrúi	(769 atkv.	1 fulltrúi)

Fyrsti fundur nýkjörinnar bæjarstjórnar var haldinn 13. júní. Þar var tilkynnt að tekist hefði samkomulag milli Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar um meirihlutasamstarf á kjörtímabilinu 2006 til 2010 og kynntur málefnasamningur flokkanna. Kristján Þór Júlíusson var endurkjörinn bæjarstjóri. Sigrún Björk Jakobsdóttir var kjörin forseti bæjarstjórnar til eins árs, Sigrún Stefánsdóttir 1. varaforseti og Jóhannes Gunnar Bjarnason 2. varaforseti. Bæjarstjórn hélt 17 fundi á árinu. Bæjarráð hélt 43 fundi á árinu. Fyrsti fundur nýs bæjarráðs var haldinn 15. júní. Hermann Jón Tómasson er formaður bæjarráðs.

Tvisvar í mánuði yfir vetrartímann eru auglýstir viðtalstímar bæjarfulltrúa. Þar eru tveir bæjarfulltrúar til viðtals og taka við erindum, fyrirspurnum og ábendingum. Erindin eru færð til bókar og komið áfram í bæjarkerfinu.

Fjármál bæjarins

Fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar fyrir árið 2006 var samþykkt í seinni umræðu 22. nóvember og þriggja ára áætlun, þ.e. áætlun um rekstur og framkvæmdir á árunum 2007-2009, var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar 21. febrúar 2006. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2006 var endurskoðuð í bæjarstjórn 17. október.

Rekstrartekjur Akureyrarbæjar á árinu námu 11.099 m.kr. samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A- og B-hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 10.823 m.kr. Rekstrartekjur A-hluta námu 7.677 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 7.490 m.kr. Rekstrargjöld sveitarfélagsins á árinu námu 11.110 m.kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir rekstrargjöldum að fjárhæð 10.452 m.kr. Rekstrargjöld A-hluta námu 8.241 m.kr. miðað við 7.742 m.kr. í fjárhagsáætlun. Fjármagnsliðir voru neikvæðir um 1.016 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 284 m.kr. fjármagnsgjöldum umfram fjármagnstekjur. Rekstrarniðurstaða samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A- og B-hluta var neikvæð um 356 m.kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 88 m.kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð um 737 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir neikvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 270 m.kr.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir bæjarins bókfærðar á 24.083 m.kr., þar af eru veltufjármunir 2.727 m.kr. Skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins nema samkvæmt efnahagsreikningi 16.580 m.kr., þar af eru skammtímaskuldir 3.455 m.kr. Veltu-fjárlutfallið er 0,79 í árslok en var 1,07 árið áður. Bókfært eigið fé nemur 7.502 m.kr. í árslok sem er 31,2% af heildarfjármagni. Árið áður var þetta hlutfall 35,5%.

Samkvæmt yfirliti um sjóðstreymi nam veltufé frá rekstri 1.335 m.kr. og handbært fé frá rekstri 1.271 m.kr. Fjárfestingahreyfingar námu samtals 1.774 m.kr., fjárfesting umfram söluverð varanlegra rekstrarfjármuna nam 1.524 m.kr. og fjárfesting í eignarhlutum í félögum umfram söluverð eignarhluta nam 187 m.kr. Langtíma- og skammtímakröfur lækkuðu um 63 m.kr. á árinu. Fjármögnunarahreyfingar voru jákvæðar um 308 m.kr. Afborgun langtímalána nam 662 m.kr. en ný langtímalán námu 659 m.kr. Lækkun á handbæru fé á árinu nam 195 m.kr. og nam handbært fé sveitarfélagsins í árslok 1.307 m.kr.

Ársreikning Akureyrarbæjar 2006 er að finna á heimasíðu bæjarins. Slóðin er www.akureyri.is/ymsar-fjarmalaupplýsingar Innleiðing SAP-upplýsingakerfa hélt áfram á árinu. Launakerfi SAP var tekið í notkun og var fyrsta útborgun í nýju kerfi 1. mars. Á síðustu mánuðum ársins voru launaseðlar sendir beint í heimabanka starfsmanna og þeim gefinn kostur á að afþakka heimsenda launaseðla á pappír sem sparar bæði fé og fyrirhöfn. Á haustmánuðum fór fram mikil vinna við innleiðingu annarra SAP

kerfishluta, t.d. fjárhags-, sölu-, innkaupa- og verbókhaldskerfa sem öll voru tekin í notkun 1. janúar 2007. Haldin voru námskeið fyrir notendur þessara kerfa og fór sú kennsla fram í Rósenborg, gamla Barnaskólahúsinu.


Markaðs- og kynningarmál

Markaðs- og kynningardeild hefur séð um og borið ábyrgð á almennri markaðssetningu bæjarins, heimasíðu, ársskýrslu, ferðamálum, móttöku gesta, erlendum samskiptum og þátttöku í verkefnum sem lúta að atvinnu- og ímyndarmálum.

Verkefninu Brandr, sem unnið var undir merkjum norðurslóða-áætlunar Evrópusambandsins, lauk á árinu en það hófst árið 2003. Verkefnið var unnið í samstarfi við sveitarfélögin Sollefteå í Svíþjóð og Steinkjer og Sortland í Noregi. Unnið var að markaðssetningu og bættri ímynd sveitarfélaganna. Á verkefnistímanum var unnið að fjölmörgum verkefnum og var hluta af þeim haldið áfram á árinu, t.d. var gefið út viðburðadagatal fyrir Akureyri, gefinn út bæklingur um skólabæinn Akureyri í samstarfi við háskólann og framhaldsskólana og haldin þjónustunámskeið fyrir starfsfólk á 13 vinnustöðum Akureyrarbæjar. Áhersla var lögð á að byggja upp og viðhalda þjónustumenningu allra starfsmanna bæjarins og gera það hluta af innri markaðssetningu bæjarins, að sérhver starfsmaður verði mikilvægur talsmaður sveitarfélagsins út á við. Lokaráðstefna verkefnisins var haldin í Sollefteå í júní og sóttu hana 7 þátttakendur frá Akureyri. Samhliða skýrslugerð og uppgjóri var hugað sérstaklega að því sem áunnist hefur í verkefninu og hvernig starfi sem þar var unnið verður haldið áfram á hverjum stað. Um NPP áætlun Evrópusambandsins má lesa á heimasíðu Byggðastofnunar og um Brandr verkefnið á sérstakri vefsíðu www.brandr.net.

Fyrri hluta ársins tók Akureyrarbær þátt í sérstöku auglýsingaverkefni með nokkrum fyrirtækjum og stofnunum í ferðaþjónustu og menningu. Vaxtarsamningur Eyjafjarðar studdi einnig verkefnið. Markmiðið var að hvetja til ferða til Akureyrar á vetrarmánuðum. Birtar voru 10 heildsíðauglýsingar í Morgunblaðinu með fyrirsögninni „Komdu norður – helgarævintýri á Akureyri“.

Umfang heimasíðunnar www.akureyri.is hefur vaxið jafnt og þétt. Notkun síðunnar eykst einnig ár frá ári, eins og sjá má á meðfylgjandi súluriti. Á árinu var skipuð ritnefnd heimasíðunnar og hefur hún meðal annars unnið eftir gögnum sem fengust eftir notendaúttekt sem gerð var af starfsfólki fyrirtækisins SJÁ. Þar kom í ljós að margt er vel gert á heimasíðu bæjarins en að sjálfsögðu má gera betur til að auðvelda fólki að rata um síðuna og finna það sem það leitar að.





Akureyrarbær stendur fyrir eða aðstoðar við móttöku fjölmargra innlendra sem erlendra gesta sem hér koma á hverju ár. Bærinn er mjög vinsæll ráðstefnu- og mótsstaður og til bæjarins koma einnig margir hópar, t.d erlendra sveitarstjórnarmanna, skólafólks og blaðamanna.

Á árinu bar hátt Menningarhátíð heyrnarlausra sem haldin var 10.–16. júní og sömu daga fór fram alþjóðleg leiklistarhátíð heyrnarlausra.

Tengiliðamót vinabæja Akureyrar á Norðurlöndum var haldið í Västerås í Svíþjóð. Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri sótti það mót ásamt eiginkonu sinni. Þau sóttu einnig 90 ára afmælishátíð vinabæjarins Murmansk í Rússlandi í október.

Árleg vinabæjarvika ungmenna frá norrænu vinabæjunum – Novu 2007 – var haldin á Akureyri um mánaðarmótin júní-júlí. Ásamt ungmennum komu einnig til mótsins fulltrúar frá bæjarstjórnnum allra vinabæjanna.

Þrjú ungmenni frá Akureyri tóku þátt í umhverfisþingi ungs fólks Youth Eco-Forum sem að þessu sinni var haldið í Khanty-Mansiysk í Rússlandi 21.–25. ágúst. Fararstjóri var Ingunn Helga Bjarnadóttir, verkefnisstjóri starfsþróunar. Þingið er haldið á vegum Northern Forum samtakanna sem Akureyrarbær á aðild að. Sigríður Stefánsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri sótti tengiliðafund samtakanna sem haldinn var í ágúst í Alaska.

Starfi innan Vaxtarsamnings Eyjafjarðar var haldið áfram, markaðs- og kynningarstjóri er fulltrúi bæjarins í stjórn og framkvæmdaráði samningsins. Unnið var að ýmsum verkefnum innan þeirra fjögurra klasa sem áhersla er lögð á í samningnum og árangur af samstarfinu er þegar farið að koma í ljós. Nánari upplýsingar er að finna í ársskýrslu vaxtarsamningsins og á heimasíðunni www.klasar.is. Tengill er á heimasíðu Akureyrarbæjar. Samstarfssamningar um rekstur Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi og um rekstur Upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn runnu út í árslok. Hafin var vinna við endurnýjun þeirra samninga.

Starfsmannabjónusta

Starfsmannabjónustan annast launaútreikning fyrir alla starfsmenn, bæjarfulltrúa og nefndarmenn og ráðgjöf til stjórnenda bæjarins um kjaramál og ráðningar. Einnig hefur hún umsjón með framkvæmd starfsmannastefnu bæjarstjórnar Akureyrar, kjaraþróun og fræðslumálum starfsmanna. Helstu tölulegar upplýsingar um starfsemi deildarinnar á árinu 2006 eru í eftirfarandi töflu:

Fjöldi launþega	3.185
Samtals greidd laun, milljónir kr.	4.765
Ársverk	1.416
Fjöldi 14 ára ungl. í vinnuskóla	232
Fjöldi 15 ára ungl. í vinnuskóla	204
Fjöldi 16 ára ungl. í sumarvinnu	154
Umsóknir um sumarvinnu	510
Ráðnir í sumarvinnu	273
Umsóknir 17 ára og eldri um vinnu í atvinnuátaki	64
Þágu tilboð um vinnu í atvinnuátaki	50

Sumarvinna fyrir unglinga var með svipuðum hætti og á undanförunum árum. Unglingar á aldrinum 14-15 ára gátu fengið vinnu í vinnuskóla 3,5 tíma á dag í 7 vikur eða samtals 122,5 klst. 16 ára unglingar gátu fengið 7 tíma vinnu á dag í 7 vikur eða í 245 tíma. Atvinnulausu skólafólki var boðin sumarvinna í 8 vikur.

Launanefnd sveitarfélaga (LN) samþykkti 28. janúar 2006 heimild til tímabundinna viðbótargreiðslna umfram gildandi kjarasamninga við stéttarfélagin Einingu-löju, Kjöl og Félag leikskólakennara. Heimildin gildir frá 1. janúar 2006 til loka samningstíma kjarasamnings hvers félags. Bæjarráð Akureyrar samþykkti að nýta sér heimild LN og var strax 1. febrúar greitt til starfsmanna skv. heimildinni. Launahækkanirnar höfðu mest áhrif á laun þeirra lægst launuðu en lægsti útborgaði lfl. til starfsmanna í Kili og Einingu-löju er lfl. 115 eftir breytinguna í stað 107 áður.

Launanefnd sveitarfélaga gerði fyrir hönd sveitafélaga fjölmarga nýja kjarasamninga á árinu. Gerðir voru samningar við hin ýmsu aðildafélög BHM, Landssamband slökkviliðsmanna, Félag tónlistarmanna, Félag leikskólakennara, Matvís, Félag skipstjórnarmanna og Félag hljómlistarmanna svo nokkur dæmi séu tekin. Starfsmannabjónustan kappkostar að koma nýjum kjarasamningum fljótt og vel í framkvæmd og var árið mjög annasamt á þessum vettvangi.



Starfsmannahandbók var tekin í notkun á haustmánuðum og er hún aðgengileg á heimasíðu Akureyrarbæjar www.akureyri.is. Þar getur starfsfólk Akureyrarbæjar fundið á einum stað upplýsingar um flest það sem lýtur að vinnustaðnum, kjaramálum, réttindum, skyldum o.fl. Á forsiðu handbókarinnar eru reglulega settar inn fréttir sem varða beint starfsfólk bæjarins, hvort heldur sem þær varða hagsmuni þess eða tilkynningar um skemmtanir og annað þviumlíkt.

Stjórndahandbók á netinu var tekin í notkun á árinu. Handbókinni er ætlað að vera upplýsingaveita til stjórnenda í starfi hjá Akureyrarbæ og er markmið hennar að auðvelda stjórnendum aðgang að margvíslegum upplýsingum sem þeir þurfa á að halda í starfi sínu.

Útgáfa Innanbæjarkróniku, starfsmannafrétta Akureyrarbæjar, hófst 1. mars 2006 í samvinnu við markaðs- og kynningardeild og voru gefin út 6 tölublöð á árinu. Markmiðið með starfsmannafréttunum er að þar sé að finna fræðandi og skemmtilegar upplýsingar fyrir starfsfólk um hin ýmsu málefni, ásamt því að kynna fyrir starfsfólki ólíka starfsemi bæjarins. Innanbæjarkróniku er dreift með launaseðlum til starfsfólks auk þess sem hún er aðgengileg í starfsmannahandbókinni á vef Akureyrarbæjar.

Verkefnisstjóri starfsþróunar skipulagði ýmis námskeið og fyrirlestra fyrir stjórnendur með leiðbeinendum innan og utan bæjarkerfisins svo sem um jafnréttismál, félagsauð, breytingarstjórnun, bætta stjórnunarahætti og þekkingarheimsóknir. Tveir starfsdagar stjórnenda voru haldnir á árinu.

Símenntun starfsmanna Akureyrarbæjar fer að stærstum hluta fram á hverjum og einum vinnustað. Sameiginleg fræðsla fyrir starfsfólk bæjarins hefur þó aukist verulega að undanförunum. Dæmi um slíka fræðslu eru nýliðanámskeið, þjónustunámskeið, námskeið um samskipti og velliðan á vinnustað o.fl.

Þróunarvinna í fræðslumálum hefur aukist að undanförunum. Sem dæmi má nefna tvö þróunarverkefni sem unnin hafa verið í samvinnu við Símei – Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar með styrkjum frá Starfsmenntaráði. Fyrri verkefnið var unnið í samvinnu við Öldrunarheimili Akureyrarbæjar (ÖA) og markmið þess var að

þjálfa svokallaða starfsfóstra en hlutverk þeirra er að taka á móti nýju starfsfólki og þjálfa það í starfi. Námskeið fyrir starfsfóstra var hannað og á vormánuðum 2006 sátu alls 19 verðandi starfsfóstrar frá ÖA námskeiðið sem spannaði alls 40 klst. Þetta námskeið hefur mikið yfirfærslugildi þ.e. aðrir vinnustaðir geta nýtt sér það við þjálfun starfsfóstra. Í lok árs 2006 var ákveðið að námskeiðið yrði einnig kennt hjá búsetudeild Akureyrarbæjar.

Markmiðið með seinna þróunarverkefninu var að setja saman námskeið sem hentar starfsfólki með mikla starfsreynslu. Settur var á stofn rýnihópur reynslumikils starfsfólks sem kom frá ólíkum vinnustöðum innan Akureyrarbæjar. Markmiðið var að fá fram hvað myndi hvetja þennan hóp til að sækja námskeið og hvernig námskeið hópurinn vildi sækja. Niðurstaðan varð námskeið sem Jón Björnsson, sálfræðingur og rithöfundur, var fenginn til að kenna. Námskeiðið fékk nafnið Seinni hálfleikur – hvað nú? og voru fjögur 10 klst. námskeið kennd í október og nóvember fyrir um 50 manns. Námskeiðið sótti starfsfólk frá mörgum ólíkum vinnustöðum Akureyrarbæjar, en allt starfsfólkið hafði það sammerkt að hafa langa starfsreynslu.

Jafnréttismál og fjölskyldustefna

Jafnréttisráðgjafi hefur umsjón með jafnréttisstefnu og fjölskyldustefnu Akureyrarbæjar og annast auk þess ráðgjöf og fræðslu um jafnrétti kynjanna ásamt því að sjá um úttektir og rannsóknir á stöðu kynjanna.

Á árinu bættust Heilsugæslustöðin, Tónlistarskólinn og leikskólarnir í hóp þeirra stofnana bæjarins sem hafa fleiri en 25 starfsmenn og hafa sett sér jafnréttisáætlanir í samræmi við lög.

Gerð var könnun á launum grunnskólakennara og sýndu niðurstöður hennar að ekki er hægt að greina að munur sé á launum karla og kvenna þegar tekið er mið af starfsviði, aldri, vinnutíma eða skólastofnun. Hins vegar má sjá að eftirvinnan er sá þáttur sem hefur mest áhrif á mismunandi heildarlaun innan hvers starfs og skólastofnunar.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum voru 2006 var gerð úttekt á kynjahlutfalli í nefndum og ráðum á vegum sveitarfélagsins. Í fastanefndum var staðan þannig að karlar voru 52% aðalfulltrúa og konur 48%, karlar voru 49% varafulltrúa og konur 51%, karlar voru formenn sjö nefnda og konur sex, karlar voru varaformenn sex nefnda og konur sjö.

Húsnæðismál

Húsaleigubætur eru greiddar leigutökum íbúðarhúsnæðis að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Markmið þeirra er að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra og jafna aðstöðumun á húsnæðismarkaði. Greiddar húsaleigubætur námu 108,5 milljónum á árinu 2006 á móti 105,9 milljónum árið 2005 og er það 2,5% aukning en bótaþegar voru 742 í lok árs 2006 en 727 árið 2005. Skipting umsækjenda um húsaleigubætur eftir atvinnustöðu og fjölskyldugerð á árinu 2006 var sem hér segir:

	Gift/ samb. með börn	Gift/ samb. án barna	Einstæðir foreldrar	Einhleypar konur	Einhleypir karlar	Samtals
Í atvinnu	44	10	110	47	25	236
Atvinnulaus	4	3	17	2	9	35
Öryrkjar	11	5	23	54	93	186
Ellilífeyrisþegar		11		37	19	67
Heimavinnandi	1		3			4
Nemar	20	25	40	72	57	214
Samtals	80	54	193	212	203	742





FÉLAGSSVIÐ

Fjölskyldudeild

Starfsemi deildarinnar var hefðbundin á árinu. Sú breyting varð að Menntasmiðjan færðist frá fjölskyldudeild og tilheyrir nú hinni nýju samfélags- og mannréttindadeild.

Lögð hefur verið aukin áhersla á ýmis konar fræðslu og forvararnastarf. Má þar nefna fræðslu fyrir foreldra barna með fötlun eða sérþarfir og fræðslu til kennara og stuðningsaðila í leik- og grunnskóla. Deildin tekur virkan þátt í PMT - foreldrafærni verkefninu og starfsfólk hefur nýtt sér menntunartilboð í aðferða-fræði PMT.

Endurhæfingarmál eru í stöðugri þróun. Samvinna félagsþjón-ustunnar, Plastiðjunnar Bjargs/löjulundar, Menntasmiðju og Vinnu-málastofnunar hefur haldið áfram að þróast og eflast. Þar er haldið vel utan um einstaklinga og úrræðin eru nýtt til fulls. Á árinu fór af stað nýtt endurhæfingarúrræði, Starfsendurhæfing Norðurlands – BYR sem Akureyrarbær stendur að ásamt fleirum.

Hæfingarstöð þjónaði sem fyrr stórum hópi fatlaðra eða 43 einstaklingum 16 ára og eldri. Þjónustan hefur það markmið að draga úr áhrifum fötlunar og auka hæfni til starfa og þátttöku í daglegu lífi. Á árinu fór fram mikil vinna við að undirbúa aukna þjónustu til þess að hægt sé að anna eftirspurn.

Á Plastiðjunni Bjargi/löjulundi voru 33 einstaklingar í verndaðri vinnu, 16 konur og 17 karlar, allir í 50% vinnu eða minna. Ennfremur voru 47 í starfsþjálfun, 15 konur og 32 karlar. Í upphafi ársins varð ljóst að finna þyrfti nýtt húsnæði undir starfsemina. Það tókst og í nóvember lá fyrir að vinnustaðurinn myndi flytja í nýtt húsnæði að Furuvöllum 1. Góð sala var á framleiðsluvörum, sérstaklega á raflaganefni og einnig hafa náðst hagkvæmari innkaup hráfnis en áður.

Í nóvember 2006 urðu tímamót á Plastiðjunni Bjargi/löjulundi, þegar undirritaður var samningur milli Akureyrarbæjar og Einingar/ löju um kjör starfólks með skerta starforku. Samningurinn náði bæði yfir þá sem eru með ótímabundna ráðningu og í starfsendurhæfingu. Þar með njóta þessir einstaklingar sambærilegra réttinda og gerist á almennum markaði.

Aukning hefur verið í atvinnu með stuðningi en 27 fóru í vinnu á þeim forsendum á árinu, 21 vinnusamningur öryrkja var gerður og 37 einstaklingar leituðu aðstoðar vegna sumarvinnu. Alls fengu 33 einstaklingar styrk til náms og verkfæra og tækjakaupa. Stuðningsfjölskyldu höfðu 28 fötluð börn. Um 33 umsóknir um umönnunarbætur voru afgreiddar á árinu.

Þróun fjárhagsaðstoðar er þannig að fjöldi þeirra sem fá aðstoð er nokkuð stöðugur, var 316 á árinu. Hins vegar hækkar meðalgreiðsla á styrkþega og heildarupphæð fjárhagsaðstoðar eykst. Þegar horft er á aldursskiptingu þeirra sem nutu fjárhagsaðstoðar vekur athygli að um 28% styrkþega voru 25 ára og yngri. Fjölskyldugerð þessa hóps var þannig að stærsti hópurinn var einstæðar mæður eða um 64%.

Í skólaþjónustunni hefur málum frá grunnskólum fækkað frá fyrra ári en fjölgað lítilsháttar frá leikskólum. Málafjöldi vegna grunnskólabarna var 456 þar af 400 vegna grunnskóla Akureyrar. Fjöldi mála vegna leikskólabarna var 131 þar af 119 vegna leikskóla á Akureyri.

Fjöldi barnverndartilkynninga var 205 vegna 193 barna, þar af bárust 14 tilkynningar í gegnum 112. Tilkynningarnar flokkuðust á eftirfarandi hátt: vanræksla 64, ofbeldi 24, áhættuhegðun barns 112, heilsa eða líf ófædds barns í hættu 6, barn í yfirvofandi hættu 1.

Tólf börn fóru á Stuðla í greiningu og meðferð. Þrjú börn fóru á langtíma meðferðarheimili, tvær stúlkur og einn drengur á aldrinum 14 – 17 ára. Þrjátíu og sex börn nutu stuðningsúrræðanna: tilsjón, persónulegs ráðgjafa og stuðningsfjölskyldu.

Heilsugæslustöðin á Akureyri

Akureyrarbær rekur Heilsugæslustöðina á Akureyri samkvæmt þjónustusamningi við Heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið. Um-dæmi HAK er sem fyrr 8 sveitarfélög í Eyjafirði og Fnjóskadal. Einnig tilheyra fyrrverandi íbúar Hálshrepps, núverandi íbúar Þingeyjarsveitar, umdæmi HAK. Hríseyingar tilheyra ennþá heilsu-gæsluumdæmi Dalvíkur.

Í umdæmi HAK voru 19.395 íbúar þann 1. des. 2006.

Helstu breytingar á árinu tengjast auknum framkvæmdum en í mars var lokið við að gera upp 3. hæð á heilsugæslunni. Við það lauk endurbótum á húsnæðinu og eftir flutning milli hæða og hrókeringar innanhúss komust allir starfsmenn aftur á sinn stað. Við þessar breytingar varð aðstaða starfsmanna hin besta og þjónustan vonandi eftir því. Áfram var unnið að samvinnu og sam-ráði milli stofnana og deilda bæjarins. Unnið er að sameiginlegum verkefnum og markmiðum í fagráði um fjölskylduvernd. Leikskólar og ungbarnavernd unnu að sameiginlegum verkefnum og voru skoðanir þriggja og hálfs árs barna gerðar í öllum leikskólum í stað þess að gera þær á heilsugæslunni eins og áður fyrr. Við það hefur fjöldi skoðana aukist ásamt því að gæði þeirra teljast meiri. Unnið var að innleiðingu PMT í bæjarkerfinu og SMT í skólum ásamt því að útbúa fræðslu- og meðferðaráætlan fyrir barnafjölskyldur. HAK tók þátt í skipulagningu á Starfsendurhæfingu Norðurlands og sátu nokkrir fulltrúar HAK í verkefnum tengdum Vaxtarsamningi Eyjafjarðar.

Rafræn sjúkraskrá er áfram í þróun og voru rúmlega 41.000 lyfseðlar sendir rafrænt í apótek árið 2006. Ennþá hefur þetta kerfi ekki verið sett upp utan Norðurland þrátt fyrir vilja og yfirlýsingar þar um. Um 21.000 læknabréf bárust rafrænt til HAK frá FSA og hefur það vinnulag aukið verulega öryggi í meðferð gagna.

Þjónusta heimilislækna var á árinu með svipuðu móti og verið hefur. Vel gekk að manna stöður lækna allt árið, enda hefur verið aukin ásókn kandidata í að ljúka kandidatsárinu á HAK. Einnig er það ánægjulegt að læknir í sérnámi í heimilislækningum hefur stundað það frá HAK. Á árinu var loksins aftur hægt að bjóða fólki að velja sér fastan heimilislækni. Fyrir utan heimilislækningar sinnir HAK lækniþjónustu við öldrunarstofnanir bæjarins og Akureyrarafangelsi. Aðsókn að bráðadagvakt HAK er alltaf talsvert mikil, jafnvel þótt tímar hafi verið lausir hjá heimilislæknum viðkomandi sjúklinga fyrr um daginn. Einnig er mikil ásókn í vaktlæknaþjónustu sem fer fram um kvöld og helgar á FSA. Metnaður er hjá heilsugæslulæknum til að sinna heilsuvernd og taka þeir aukinn þátt í mæðravernd ásamt því að sinna ungubarnavernd, skólaheilsugæslu og unglingamóttöku.

Hjúkrunarfræðingar sáu um heilsugæsluhjúkrun í ungubarna-vernd, skólahjúkrun, unglingamóttöku, krabbameinsleit og al-menna móttöku hjúkrunarfræðinga, ásamt heimahjúkrun með sjúkraliðum. Ljósmaður sáu alfarið um mæðravernd í samvinnu við heimilislækna. Á árinu var lögð aukin áhersla á móttöku hjúkunarfræðinga en stöðum var fjölgað til að sinna m.a. hjarta- og öndunarmælingum. Markmiðið er að setja upp skipulagða móttöku fyrir þá sem þjást af skykursýki II.

Í nóvember hófust næturvaktir í heimahjúkrun. Var þar stigið mikilvægt skref til að gera fólki enn frekar kleift að dvelja á eigin heimilum eins lengi og það kýs. Ljóst er að þörfin fyrir aukna aðstoð í heimahús mun aukast á næstu misserum og er það vel í takt við áherslur yfirvalda um aukna þjónustu heim í stað ótímabærrar stofnanavistunar.

Í fjölskylduráðgjöfinni fór fram ráðgjöf, meðferð og stuðnings-viðtöl við fjölskyldur og einstaklinga sem og fræðsla til hópa og stofnana. Sem fyrr var lögð áhersla á að verðandi foreldrar, foreldrar ungra barna og einstæðir foreldrar hefðu forgang að þjónustu.

Búsetudeild

Búsetudeild veitir íbúum bæjarins ýmis konar búsetuþjónustu sem miðar að því að styðja við sjálfstæða búsetu fólks og/eða skapa fólki aðstæður til að lifa sem eðlilegustu lífi á heimili sínu þrátt fyrir skerðingu á færni og breytingu á högum samfara hækkandi aldri, fötlun eða veikindum. Ennfremur sinnir deildin þjónustu við íbúa nokkurra annarra sveitarfélaga samkvæmt samningum þar að lútandi. Helstu þættir í þjónustu deildarinnar eru félagsleg heimaþjónusta, félagsleg liðveisla, frekari liðveisla, sambyli og þjónustuíbúðir fatlaðra, skammtímavistun fatlaðra, dagþjónusta og félagsstarf fyrir eldri borgara, ráðgjöf iðjubjálfa, heilsueflandi heimsóknir til aldraðra og þjónustuhópur aldraðra.

Áfram var haldið vinnu við framkvæmd stefnu Akureyrarbæjar í búsetumálum fólks með fötlun. Sumarið 2006 tók Akureyrarbær á leigu fimm íbúðir í fjölbýlishúsi við Akursíðu sem eru framleigðar fötluðum einstaklingum. Í lok árs var lokið við byggingu Fram-kvæmdasjóðs fatlaðra á fimm íbúða sambyli við Geislátún. Auk íbúðanna er rúmgóð sameiginleg aðstaða enda er sambylið ætlað fjölfötluðum. Í byrjun árs 2007 munu íbúar flytja þangað og þá verður sambylínu að Byggðavegi 91 lokað.

Um mitt ár var ákveðið að fara af stað með tilraunaverkefni til eins árs í þjónustu við geðfatlaða. Hugmyndafræðin á bak við verkefnið byggir á því, að til að ná vellíðan þurfi að huga að heilbrigði bæði út frá líkamlegum og félagslegum þáttum.

Veittur er stuðningur og hjálp við verkefni daglegs lífs svo sem að þrifa, elda mat, aðstoð við innkaup og annað sem til fellur við daglegt heimilishald. Samhliða verklegri aðstoð hlustar stuðningsaðilinn á einstaklinginn, veitir ráðgjöf um margvísleg mál og styður hann.

Starfsmannahald í heimþjónustu hefur verið mjög stöðugt og margir hafa unnið þar í 10 ár eða meira. Í desember náði sú sem lengstan starfsaldur hefur, Aðalheiður Vagnsdóttir, þeim áfanga að hafa starfað í heimaþjónustu í 30 ár eða allt frá árinu 1976. Starf heimaþjónustu er mjög fjölbreytt og snertir flesta þætti daglegs lífs. Starfsfólk heimaþjónustu vinnur oft mjög náið með heimahjúkrun. Í lok árs var byrjað að veita heimaþjónustu/heimahjúkrun um nætur í samvinnu við Heilsugæslustöðina á Akureyri sem sér um þessa þjónustu.

Í samvinnu við Heilsugæslustöðina á Akureyri hefur búsetudeild boðið upp á heilsueflandi heimsóknir til aldraðra, 75 ára og eldri, frá árinu 2000 á umdæmissvæði Heilsugæslunnar. Þeim 75 ára og eldri sem búa heima og njóta ekki heimahjúkrunar er boðið upp á heimsókn heilbrigðisstarfsmanns einu sinni til tvisvar á ári. Auk heimsóknanna hafa starfsmenn símatíma alla virka daga.

Í mars stóðu starfsmenn heilsueflandi heimsóknna fyrir málþingi á Akureyri. Markhópur málþingsins var þeir sem vinna á sömu eða svipuðum nótum um landið. Markmiðið var að hittast og bera saman bækur sínar, miðla reynslu og þekkingu sem orðið hefur til hjá sveitarfélögunum undanfarin ár en Akureyrarbær var fyrst sveitarfélagið að bjóða upp á slíka þjónustu.

Málþingið var ekki auglýst en öllum sem starfa við heilsueflandi heimsóknir, eða aðra heilsueflandi og/eða fyrirbyggjandi vinnu með öldruðum, var boðið á það. Á velheppnað þing mættu um 70 manns alls staðar af landinu.

Öldrunarheimilin

Segja má að hlutverk öldrunarstofnana hafi breyst undanfarna áratugi. Í takt við óskir aldraðra og stefnu stjórnvalda hefur heimaþjónusta aukist þannig að aldraðir geti búið sem lengst í heimahúsum. Afleiðing þessarar þróunar er að fólk er meira lasburða þegar það flytur á öldrunarstofnanir og því hefur hjúkrunarrýmum

fjölgað en dvalarrýmum fækkað á ÖA. Segja má að heimaþjónustan sinni nú að miklu leyti einstaklingum sem áður voru í dvalarrýmum en öldrunarstofnanir sinni þjónustu sem sjúkrahús sinntu áður.

Starfsemi Öldrunarheimila Akureyrar er sem fyrr að mörgu leyti í föstum skorðum og gengur lífið sinn vanagang. Þó er stöðugt leitað leiða til að bætta þjónustu og auka vellíðan íbúa.

Starfsmannalán leikur enn við ÖA og voru fastráðnir starfsmenn um 300 í rúmum 180 stöðugildum á árinu. Starfsmannavelta var lítil sem fyrr og er traust og reynslumikið starfsfólk ein stærsta auðlind öldrunarheimilanna.

Á árinu lauk byggingu nýrrar viðbyggingar við Hlíð og er húsið kallað Suðurhlíð. Viðbyggingin er ánægjuleg viðbót við aðstöðu öldrunarheimilanna. Í Suðurhlíð eru 60 ný hjúkrunarrými, sem skiptast í 4 deildir með 15 góðum einstaklingsherbergjum með sér snyrtingum. Á hverri deild er borðstofa, setustofa og góðar svalir eða garður. Mikill áhugi hefur verið hjá Akureyringum á viðbyggingunni og komu um 1.000 manns á „opið hús“ og skoðuðu þessa nýju aðstöðu, þáðu kaffisopa og kleinur. Óhætt er að segja að menn hafi verið ánægðir með viðbygginguna og þótt vel hafa til tekist. Með tilkomu Suðurhlíðar var Skjaldarvík lögð niður, enda frá upphafi bráðabirgðaúrræði, sem komið var á laggirnar til þess að mæta brýnni þörf þar til viðbyggingin væri tilbúin. Skjaldarvík þjónaði vel sínu hlutverki en við flutning í Suðurhlíð varð einkarými íbúanna mun stærra og betra, auk þess sem aðgengi að allri þjálfun og félagsstarfi batnaði til muna.

Góð viðbót fékkst með Suðurhlíð en betur má ef duga skal. Stór hluti húsnæðis ÖA hentar illa nútíma hjúkrunarþörfum, herbergi



eru mörg hver mjög lítil, gangar þröngir og margir íbúar eru um hverja snyrtingu. Bæjaryfirvöld á Akureyri vilja breyta þessu og fara í frekari lagfæringar á eldra húsnæði og í nýbyggingar en fátt er um svör hjá ráðuneytinu. Viðræður eru í gangi en hægt miðar.

Með tilkomu Suðurhlíðar jukust möguleikar á að skapa heimilis-legt umhverfi á deildunum. Eldhúsinnréttingar eru í borðstofum nýju deildanna þannig að íbúar, starfsmenn og aðstandendur hafa tækifæri til að taka þátt í eldhússtörfum, baka köku eða fara í léttu eldamennsku ef óskað er. Stöðugt er lögð áhersla á skoðun á innra starfi, sjálfræði íbúa, viðmót og viðhorf starfsmanna. Sem fyrr var öflug fræðsla í boði fyrir starfsmenn alla vetrarmánuði. Starfsfóstrar, sem taka á móti nýjum starfsmönnum, tóku til starfa á árinu eftir ítarlegt nám. Með tilkomu starfsfóstra sem taka á



móti nýjum starfsmönnum og leiða þá fyrstu skrefin í nýju starfi fá starfsmenn betri leiðsögn á nýjum vinnustað. Slík leiðsögn í nýju starfi skilar ánægðari og öruggari starfsmönnum sem skila enn betri vinnu. Fleiri stofnanir bæjarins eru nú að feta þessa braut.

Gæðaráð var skipað á árinu. Það hefur samþykkt gæðastefnu og er að vinna að gerð starfs- og gæðahandbókar ÖA. Starfssvið gæðaráðs er m.a. að koma á og viðhalda gæðastefnu ÖA en samkvæmt henni á að yfirfara og samþykkja stefnuskiöl og verklagsreglur, sjá til þess að upplýsingum um gæðakerfið sé miðlað til starfsmanna, framkvæma innri úttektir á gæðum starfseminnar með reglubundnum hætti o.fl.

Samstarf við leikskólann Síðusel hefur staðið undanfarna vetur. Elsti árgangur barna í Síðuseli hefur komið í heimsókn mánaðarlega í Hlíð og kynslóðirnar notið samvista. Einnig hafa börn úr leikskólanum Álfasteini heimsótt íbúa í Kjarnalundi reglulega. Íbúarnir hafa frætt börnin um ýmislegt frá fyrri tíð og börnin hafa sagt frá því sem þau eru upptekin af. Margt hefur verið rætt og brallað öllum til ánægju.

Rauðakrossdeild Akureyrar bauð á árinu upp á heimsóknir til íbúa ÖA og hafa íbúar sem þess óska notið samveru við heimsóknarvin Rauða krossins, oftast vikulega. Mikil ánægja er með þessar heimsóknir og er vilji hjá báðum aðilum að þróa samstarfið áfram.

Samstarfsverkefni Menntaskólans á Akureyri, Eyjafjarðarprófasts-dæmis, Akureyrarkirkju, Glerárkirkju og ÖA var hleypt af stokkunum. Nemendur í lífsleikniáfanga skólans áttu kost á að taka þátt í margs konar samfélagsþjónustu í þeim tilgangi að þeir gerðu sér grein fyrir hvað þeir gætu lagt af mörkum í samfélaginu. Íbúar í Hlíð ákváðu að taka þátt í verkefninu og buðu nemendum til sín. Búnir voru til 4 - 6 manna hópar eldri og yngri og ákvað hver hópur hvernig samveru skyldi háttað. Hóparnir hittust síðan nokkrum sinnum fram á vor og gekk yfirleitt vel. Almenn ánægja var hjá þeim sem að verkefninu komu og ljóst að samskipti þessara aldurshópa geta verið gefandi og lærdómsrík fyrir báða aðila.

Skóladeild

Skólastefna Akureyrarbæjar var formlega afhent skólastjórum leik-, grunn- og tónlistarskóla þann 4. maí með viðhöfn í Ketilhúsinu. Þá var og tilkynnt að allir umsjónarkennarar í grunnskólum fengju fartölvu til afnota og er meginilgangurinn að efla samskipti við foreldra í gegnum tölvukerfið Mentor en mikil áhersla er lögð á gagnvirkir upplýsingaflæði milli skóla og heimila í skólastefnunni.

Menntamálaráðherra kom í heimsókn til Akureyrar 7. apríl, sér-staklega til að kynna sér skólastarf í bænum. Var skipulögð stíf dagskrá þar sem helstu þættir skólastarfsins voru kynntir.

Á Akureyri voru starfandi 14 leikskólar á árinu. Leikskólinn Klappir hætti starfsemi sinni í apríl en meginþorri barna og starfsmanna flutti sig þá yfir í nýjan einkarekinn leikskóla við Helgamagrastræti, Hólmásól. Sá leikskóli er rekinn af Hjallastefnunni ehf en bærinn styrkir líka annan einkarekinn leikskóla sem rekinn er af Hvítasunnukirkjunni á Akureyri. Í október voru um 98,5% barna á Akureyri á aldrinum 2ja – 5 ára í leikskóla. Þá voru einnig 68% þeirra barna sem voru orðin 18 mánaða í leikskóla. Heildarfjöldi barna í leikskólunum var 1.050 og meðalvalartími þeirra var um 7,5 klukkustundir á dag. Stöðugildin í október voru í heild 241. Stöðugildi vegna deildarstarfs voru alls 157 og 69% þeirra voru mönnuð fagfólki eða 108 stöðugildi.

Í mars voru birtar niðurstöður úr viðhorfskönnun sem gerð var meðal starfsmanna leikskólanna. Þátttaka í könnuninni var mjög góð eða 92,2%. Helstu niðurstöður voru þær að 98,6% sögðu að vinnustaðurinn væri góður og 91,4% svarenda voru sammála því að aðstaða þeirra væri góð. Um 90% svarenda sögðu starfshætti í leikskólanum vera góða og 98,6% sögðu að samskiptin við börnin væru góð og þeirra hagar væri ætíð hafður í forgangi í starfi leikskólans.

Í nóvember gáfu leikskólarnir Krógaból, Síðusel og Sunnuból út kennsluleiðbeiningar um Lífsleikni í leikskóla, en það er verðlaunað þróunarverkefni sem staðið hefur undanfarin ár. Allir leikskólarnir hófu á árinu formlegt samstarf við heilsugæsluna en það samstarf felur m.a. í sér að 3 1/2 ára skoðun barna fer að hluta til fram í leikskólunum.

Starfsmenn frá 7 leikskólum fóru til Danmerkur í apríl. Hver starfmannahópur skipulagði sína ferð en meginilgangurinn var að útvíkka þekkingarheim starfsmanna, kynnast starfsháttum og áherslum í dönskum leikskólum og einnig að efla og styrkja starfmannahópinn. Í október fóru leikskólastjórar, leikskólaráðgjafi og leikskólafulltrúi í skoðunar- og kynnisferð til New York. Markmið ferðarinnar var að kynnast framsæknu leikskólastarfi þar sem m.a. er unnið út frá lýðræðishugsjón, margbreytileika og fjölbreytni í mannlífi og skólastarfi. Skoðaðir voru þrír leikskólar í New York og einnig var Brudershof samfélagið í Ulster Park heimsótt. Til er skýrsla um þessa ferð.

Gæsluvöllurinn Eyrauvöllur var starfræktur sumarið 2006 frá 1. júní til 18. ágúst. Alls voru skráðar 1.155 heimsóknir barna þennan tíma sem þýðir að u.þ.b. 18 börn heimsóttu gæsluvöllin að meðaltali á dag og er það töluverð fækkun frá fyrra ár.

Í árslok 2006 voru 30 dagforeldrar starfandi á Akureyri og voru börn í dagvist hjá þeim samtals 141. Þann 1. október 2006 var gert samkomulag við alla starfandi dagforeldra á Akureyri. Í því felst að dagforeldrar samþykkja hámarksgjaldskrá fyrir þjónustu sína og Akureyrarbær niðurgreiðir gjaldið fyrir allt að 8 tíma gæslu á dag,



þannig að foreldrar greiða sambærilegt gjald og ef barnið væri í leikskóla.

Grunnskólar Akureyrarbæjar voru 7 og í þeim stunduðu um 2.590 nemendur nám. Nemendum fækkaði lítillega á milli ára en ástæðan er sú að mjög stór árgangur útskrifaðist en töluvert minni árgangur barna kom inn. Stærstur var Brekkuskóli með um 535 nemendur

og minnstur Grunnskólinn í Hrísey með 25 nemendur. Einnig var starfræktur einn sérskóli, Hlíðarskóli, en þar stunduðu að jafnaði 16 drengir nám og 3 nemendur í Skildi sem er deild fyrir langveik börn með geð- og þroskaraskanir. Þá var á árinu stofnuð deild við skólann fyrir stúlkur í vanda. Var útbúin aðstaða fyrir deildina í húsnæði í Skjaldarvík og er þar pláss fyrir allt að 8 stúlkur. Þetta var gert eftir að starfshópur sem fjallaði um vanda stúlkna í skólum skilaði af sér skýrslu í febrúar. Þar var þetta ein af mörgum tillögum sem fram komu en hinar tillögurnar snéru að innra starfi skólanna sem einnig hefur verið í skoðun á árinu. Hlíðarskóli er því orðinn þriggja deilda skóli fyrir allt að 28 börn og unglinga, sem er ríflega 1,1% grunnskólanemenda á Akureyri.

Í skólunum voru alls um 360 stöðugildi og í þeim sátu um 260 kennarar og stjórnendur og 170 starfsmenn sem sinna öðrum störfum. Hlutfall kennara með fagmenntun var 99%. Stöðugleiki í starfsmannahaldi hefur verið mikill undanfarin ár.

Viðhorfskannanir voru gerðar meðal foreldra og kennara á árinu. Niðurstöður könnunar meðal foreldra benda til þess að tæp 91% séu ánægð með skóla barna sinna, 85% telja að skólinn mæti þörfum barna sinna og 74% telja sig fá að taka þátt í ákvörðunum er varða nám barna sinna. Þessar niðurstöður eru almennt betri en í fyrri könnunum sem gerðar voru árin 2002 og 2004. Niðurstöður könnunar meðal kennara benda til þess að 95% þeirra séu ánægðir með skólann sem vinnustað en aðeins færri eru þeirrar skoðunar nú að samskipti við skólastjóra séu góð og að tíminn á starfsmannafundum sé vel nýttur. Hins vegar er mikil breyting til hins betra frá fyrri könnunum þegar spurt er um skólastefnu sveitarfélagsins. Áberandi var í niðurstöðum þessara könnunar hve stór hluti kennara tekur ekki afstöðu til margra spurninga og er það umhugsunarefni í sjálfa sér.

Verð á skólamáltíðum var lækkað mikið í upphafi árs þegar tekin voru upp annarkort og mánaðarkort. Við þessa breytingu jókst nýting í mótuneytunum mikið en þrátt fyrir það varð nokkur halli á rekstrinum þótt reynt hafi verið að bregðast við honum með hækkun á gjaldskránni um haustið.

Frístund er rekin í öllum skólunum fyrir nemendur í 1. – 4. bekk. Um 36% nemenda nýta sé hana og eru flestir í 1. og 2. bekk. Í ágúst var gengið frá samkomulagi við þær Svanhvíti Magnúsdóttur og Önnu Mariu Richardsdóttur um rekstur skóla (7 stafir) eftir hádegi fyrir börn í 1. – 2. bekk sem starfi á sama tíma og frístund grunnskólanna. Hugmyndafræði skólans gekk út á að vinna með lestur ritun og listsköpun sem eina heild. Skólinn fékk mikla umfjöllun í fjölmiðlum en umsóknir urðu ekki eins margar og búist var við. Því miður gekk reksturinn ekki upp vegna þess hve dræm aðsóknin var og hætti skólinn starfsemi sinni 1. desember. Akureyrarbær rak einnig skólavistun fyrir fötluð börn 10 – 16 ára í Árholti. Þar voru að jafnaði um 10 börn.

Síðuskóli fékk afhentan grænfánann við hátíðlega athöfn í skólanum 25. apríl. Síðuskóli er annar grunnskólinn á Akureyri sem má flagga grænfánanum en Grunnskólinn í Hrísey fékk hann árið áður. Annars var mikil fjölbreytni í starfsemi gunnskólanna á árinu. Nemendur í 2. og 3. bekk fengu allir skautakennslu og nemendur í 5. bekk skiðakennslu og var þessi kennsla unnin í samstarfi við Vetrariþróttamiðstöðina. Áfram var unnið að því að styrkja valgreinakerfið í unglingadeildunum en mikil fjölbreytni einkennir það og eru nemendur í kennslu víða í bænum hjá fyrirtækjum og samtökum samkvæmt samningum við skóladeild. Starfshópur vann að endurskoðun á starfi náms- og starfsráðgjafa og samþykkti skólanefnd niðurstöður hópsins þegar þær lágu fyrir.

Í samræmi við samþykktu skólastefnu Akureyrarbæjar var foreldrum barna sem voru að byrja í grunnskóla í fyrsta skipti boðið að velja skóla. Sendur var heim til þeirra allra kynningar-bæklingur ásamt umsóknareyðublaði. Haldinn var sameiginlegur

kynningarfundur grunnskólanna á Akureyri með yfirskriftinni: Skólinn skiptir máli! - Skólalav 2006. Á fundinum kynnti hver skólastjóri grunnskólanna áherslur skólans síns og fyrir hvað hann stendur. Þetta voru stutt erindi og í lokin var foreldrum og öðrum fundargestum boðið að beina spurningum til þeirra. Foreldrum stóð til boða að heimsækja skólana í kjölfarið í samræmi við auglýsta dagskrá. Dræm mæting var á þessa fundi, en það var samdóma álit þeirra foreldra sem komu á fundina og rætt hefur verið við, að þeir hafi verið mjög fróðlegir og upplýsandi um margt í starfi skólanna.

Skólaárið í grunnskólunum byrjaði mánudaginn 14. ágúst þegar um 280 kennarar og starfsmenn grunnskólanna sóttu fræðsu-fund um stöðu samkynhneigðra í grunnskólunum. Þetta framtak vakti mikla athygli fjölmiðla og koma af stað umræðu um land allt. Í lok september stóð skóladeild í samvinnu við barna- og unglingageðdeild FSA fyrir komu tveggja vísindamanna þeirra Rosemary Tannock, Ph.D. og Alison McInnes, Ph.D. til að aðferðir sem þær ásamt öðrum vísindamönnum við Hospital of Sick Children í Toronto í Kanada hafa dregið saman eða samið til kennslu barna með ofvirkni eða geðræn vandamál. Aðferðir og hugmyndir sínar hafa þeir birt í handbók (Teach ADHD) með myndefni á geisladiski.

Þá má nefna fræslufund sem skóladeild stóð fyrir þar sem Ingvar Sigurgeirsson kynnti niðurstöður sínar úr rannsókn í grunnskólum Reykjavíkur á orsökum hegðunarvandamála og einnig má nefna fræðslufund fyrir skólastjórnendur þar sem Dr. Snæfríður Þóra Egilson dósent við HA fjallaði um ýmis álitamál í aðstoð við nemendur með hreyfihömlun og hvað nemendur um hreyfihömlun segja um skólann sinn.

Á árinu 2006 tók verkefnisstjóri PMT til starfa hjá Akureyrarbæ. PMT eða „Parent Management Training“ er ítarlega rannsakað meðferðarúrræði fyrir foreldra barna með hegðunarerfiðleika sem hefur einnig það markmið að fyrirbyggja alvarlega hegðunar-erfiðleika. SMT er hliðstæð aðferð og PMT þar sem lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr hegðunarvanda í skólum með því m.a. að kenna og þjálfá félagsfærni, hvetja til æskilegar hegðunar og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Tveir fagmenn stunduðu nám hjá Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar í meðferðarmenntun PMT og unnu þeir með fjöl-skyldur í PMT meðferð á árinu. Fyrsta námskeiðið fyrir fagfólk í grunnmenntun PMT hófst í ágúst 2006 sem 13 einstaklingar úr leik- og grunnskólum og frá fjölskyldudeild sóttu. Tveir grunnskólar hófu undirbúnings að SMT innleiðslu í september 2006. Oddeyarskóli og Síðuskóli. Stofnuð voru teymi hvorn skóla sem stýra innleiðslunni. Fjórir leikskólar héldu námskeið fyrir starfsfólk sitt á haustdögum 2006 til að undirbúa innleiðslu SMT, Flúðir, Holtakot, Lundarsel og Kiðagil. Sjá nánar: <http://pmt.akureyri.is/>

Tónlistarskólinn hélt úti fjölbreyttu starfi að vanda en nemendur hans voru um 420, sem er nokkru minni fjöldi en gert hafði verið ráð fyrir.

Menningardeild

Sextán sóttu um starfslaun listamanna og var að venju tilkynnt um niðurstöður á Vorkomu menningarmálanefndar. Brynhildur Þórarinsdóttir rithöfundur og Joris Rademaker myndlistarmaður fengu starfslaun en geta má þess að Brynhildur fékk Norrænu barnabókaverðlaunin á árinu 2007. Guðlaug Hermannsdóttir, Ing-ólfur Ármannsson og Þráinn Karlsson, sem átti 50 ára leikafmæli á árinu, fengu viðurkenningar Menningarsjóðs og Karl Hjartarson og Anna Svava Traustadóttir fengu viðurkenningu Húsverndarsjóðs fyrir endurbætur á Lækjargötu 3. Logi Már Einarsson á arkitekta-stofunni Kollgátu fékk byggingarlistaverðlaun Akureyrar fyrir endursköpun kartöflugeymslunnar við Kaupvangsstræti.



Starfsemi Amtsbókasafnsins var með hefðbundnu sniði en vinsældir þess aukast jafnt og þétt og jukust útlán um 12% frá árinu 2005. Lánþegum fækkaði hins vegar líttlega úr 109.783 í 107.694. Samanlagður þungi gagnanna sem fengin voru að láni var um 53,5 tonn og væri þeim staflað mynduðu þau turn sem væri um 2,7 km að hæð. Sýningar, fyrirlestrar og allskyns uppákomur verða sífellt meira áberandi í starfseminni

Héraðsskjalasafnið náði því markmiði sínu að koma öllum safnkosti undir eitt þak en undanfarin 25 ár hefur safnið haft geymslur annars staðar eina eða fleiri. Heldur færri afhendingar skjala voru en árið 2005, 75 í stað 90. Gestir á lestrarsal voru 511.363 karlar en 148 konur. Þeir fengu aðgang að 2349 skjalanúmerum sem er langmesta notkun frá upphafi safnsins. Safnið hélt tvær sýningar á árinu, önnur var um Jónas Jónasson frá Hrafnagili í samvinnu við Amtsbókasafnið, Minjasafnið og Landsbókasafn Íslands en hin var í tilefni norræna skjaladagsins og nefndist „Á ferð“.

Gestum Listasafnsins fjölgaði frá árinu á undan úr 14.258 í 16.848. Safnfræðsla og heimsóknir skóla eru fastur liður í starfseminni og nemendur 1.209 talsins. Sýningar safnsins voru 6 og að vanda bæði innlendir og erlendir. Flestir gestir komu á yfirlitssýningu á verkum Louisu Matthíasdóttur en hæst bar sýning á þeim listamönnum og hönnuðum sem tilnefndir voru til Íslensku sjónlistaverðlaunanna. Þau voru veitt í fyrsta sinn og eru samstarfsverkefni Akureyrarbæjar, SÍM og Form-Íslands samtaka hönnuða. Sýningin var opnuð á Akureyrarvöku en verðlaunin afhent í beinni sjónvarpsútsendingu úr Samkomuhúsinu þann 22. september. Hildur Bjarnadóttir hlaut sjónlistaorðuna fyrir myndlist en Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir fyrir hönnun. Ástralski umhverfislistamaðurin Andrew Rogers setti upp þrjú stór verk úr grjóti í nágrenni Akureyrar, Akureyrarörninn í Hlíðarfjalli, orðið „Nú“ með rúnaletri í Vaðlaheiði og Lífstaktinn (Rhythm of life) við Fálkafell. Síðast talda verkið verður sett upp á tólf stöðum í heiminum sem hluti af alheimsgjörnirgri listamannsins en meðal annarra staða má nefna Ísrael, Ástralíu, Kína og Chíle.

Listasumar var skipulagt af Menningarmiðstöðinni Listagili og stóð hátíðin í 8 vikur samfellt með hápunkti í Akureyrarvöku sem jafnframt markar afmæli Akureyrarbæjar. Akureyrarvaka var með glæsilegra móti og bar einna hæst stórtónleika Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands í Listagilinu sem fyrirtækið BM-Vallá bauð upp á bæði hér og á Menningarnótt í Reykjavík.

Starfsemi Sinfóníuhljómsveitarinnar var með nokkuð hefbundnu sniði ef frá eru taldir fyrrgreindir tónleikar. Árið var það síðasta í þágildandi samningi hennar og Akureyrarbæjar sem annast samningagerðina jafnframt fyrir ríkið. Á þriggja ára samningstíma hélt hljómsveitin 80 tónleika (þar af 56 skólatónleika) auk þess að taka þátt í 33 sýningum á Óliver með Leikfélagi Akureyrar. Það má því segja að hljómsveitin hafi komið fram 113 sinnum á samningstímanum.

Árangur Leikfélags Akureyrar batnaði enn á árinu. Yfir 38.000 manns sáu sýningar félagsins á leikárinu 2005 til 2006, um 27.000 á Akureyri og 11.000 í Reykjavík. Ekkert atvinnuleikhúsanna fær jafn hátt hlutfall ungra leikhúsgesta en 19% gesta voru 25 ára og yngri hjá LA meðan 9% gesta voru í þeim aldurshópi bæði hjá Þjóðleikhúsinu og Borgarleikhúsinu.

Gestir Minjasafnsins á Akureyri voru 33.610 talsins og hafa aldrei verið fleiri. Hér eru taldir gestir á sýningar og viðburði í Minjasafninu sjálfu, í gamla bænum og gamla prestshúsinu í Laufási og gestir í miðaldakaupstaðnum að Gásum. Minjasafnið hefur umsjón með lðnarsafninu skv. samningi og þangað komu 5.785 gestir. Samtals tóku sófnin því á móti 39.395 gestum. Það samsvarar því að hver einasti íbúi Akureyrar hafi heimsótt sófnin rúmlega tvisvar á árinu.

Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri tók fyrstu skóflustunguna að menningarhúsinu þann 1. ágúst á fjölbreyttri og vel sóttri hátíð sem haldin var af því tilefni.



Íþrótt- og tómstundadeild

Starfsemi Íþrótt- og tómstundadeildar gekk vel á árinu 2006. Meginhlutverk deildarinnar er að annast yfirstjórn á rekstri- og starfsmannahaldi málaflokksins sem og samskipti við félagasamtök innan og utan Akureyrar fyrir hönd bæjarfélagsins. Þá koma starfsmenn deildarinnar samþykktum íþrótt- og tómstundaráðs og bæjarstjórnar í málefnum íþrótt- og tómstunda til framkvæmda.

Á árinu var hlutverki íþrótt- og tómstundadeildar breytt samkvæmt gildandi meirihlutasamkomulagi Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar. Breytingin fól það í sér að tómstundahluti deildarinnar var færður undir nýtt ráð, samfélags- og mannréttindaráð sem fer nú með tómstundamálin ásamt fjölskyldu- og jafnréttismálum og forvarnarmálum. Við þessa breytingu hefur nafni íþrótt- og tómstundadeildar verið breytt í íþróttadeild.

Rekstur íþróttamannvirkja Akureyrarbæjar gekk vel á árinu og var nýting þeirra góð. Mikil uppbygging hefur átt sér stað á undanfórnum árum og árið 2006 var þar engin undantekning. Nýtt snjóframleiðslukerfi var tekið í notkun í Hlíðarfjalli veturinn 2005-2006 og hefur það staðið undir öllum væntingum og stórbætt aðstöðu skíðafólks. Skíðadagar veturinn 2005/2006 voru yfir 100 en meðaltal síðustu ára hefur verið um 70.

Hlíðarfjall er meðal vinsælustu ferðamannastaða á Íslandi. Fulltrúar nokkurra fyrirtækja sem kalla sig Vini Hlíðarfjalls, hafa undirritað samstarfssamning við Akureyrarbæ um að leggja fram um 20 milljónir króna til sjóframleiðslunnar í Hlíðarfjalli á næstu fimm árum. Þessi fyrirtæki, sem öll eru leiðandi í íslensku atvinnulífi, tóku höndum saman í kjölfar umræðna um snjóframleiðslu og möguleika á því sviði.

Tekin var fyrsta skóflustunga að reiðhöll á Akureyri. Reiðhöllin mun rísa í Hlíðarholtshverfi, svæði hestamanna fyrir ofan bæinn. Hestamannafélagið Léttir á Akureyri hefur barist fyrir þessu máli í fjöldamörg ár og hafa margir félagsmenn unnið óeigingjarnt starf til þess að tryggja framgang þess. Akureyrarbær fjármagnar reiðhöllina að stærstum hluta en reiknað er með að ríkið komi einnig með fjárveitingu í verkefnið. Áætlað er að reiðhöllin verði rétt tæpir 3.000 fermetrar að stærð og eitt glæsilegasta mannvirki sinnar tegundar á landinu.

Í janúarmánuði var samskiptasamningur Akureyrarbæjar og Íþróttabandalags Akureyrar endurnýjaður og lokið var við að gera rekstararsamninga við þau aðildarfélög bandalagsins sem ekki höfðu slíkan samning fyrir. Með þessu er ætlunin að einfalda og auðvelda samskipti hreyfingarinnar og Akureyrarbæjar.

Sú nýjung var tekin upp á árinu að svokölluð inneignarbréf voru send til foreldra 6 til 11 ára barna sem nota mátti til greiðslu á þátttökgjaldi barnanna í íþrótt-, æskulýðs- eða tómstundastarfi. Upphæð hvers bréfs var kr. 10.000 og óhætt að segja að því hafi verið tekið vel af foreldrum og forráðamönnum barnanna og aukið möguleika þeirra til þátttöku í fjölbreyttu íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarfi sem í boði er í bænum.

Heimsóknir í íþróttamannvirki á Akureyri

Hlíðarfjall	2003	2004	2005	2006
Opnunardagar	51	96	84	104
Seldir lyftumiðar	5.204	19.139	10.611	25.685
Skíðaleiga	200	1.310	1.365	1.824
Skíðaskóli	52	834	950	1.311
Seld árskort/vetrarkort	926	1.239	985	751
Sundlaug Akureyrar	2003	2004	2005	2006
Fjöldi gesta	316.862	357.999	335.198	343.222
Opnunardagar	357	361	359	361
Íþróttahús Glerárskóla	2003	2004	2005	2006
Fjöldi gesta	124.000	123.000	140.000	120.000
Glerárlaug	2003	2004	2005	2006
Fjöldi gesta	56.000	55.000	58.000	60.000
Boginn	2003	2004	2005	2006
Fjöldi gesta	77.000	85.000	88.000	90.000
Íþróttahöllin	2003	2004	2005	2006
Fjöldi gesta	285.000	329.000	307.000	296.000
Íþróttahúsið við Síðuskóla	2003	2004	2005	2006
Fjöldi gesta		30.456	89.052	94.688
Akureyrarvöllur	2003	2004	2005	2006
Fjöldi leikja	35	34	37	35
Fjöldi klukkustunda í notkun	575	575	600	623

FASTEIGNIR AKUREYRARBÆJAR

Á árinu var hafist handa við uppsteypu Menningarhúss. Heildar-stærð byggingarinnar verður rúmir 7400 m² og áætlaður kostnaður 2.3 milljarðar króna og greiðir ríkissjóður um 700 milljónir króna. Stefnt er að því að húsið verði tilbúið til notkunar fyrir hluta ársins 2009.

Undirbúningur að byggingu Naustaskóla hófst á árinu. Fengnir voru til samstarfs við byggingarnefnd skólans 24 einstaklingar, fulltrúar hópa úr samfélaginu, í hugarflugsvinnu og myndaður var vinnuhópur sem leitaðist við að tengja saman í eina heild skólastarf, hönnun byggingar og hverfisins sem skólinn þjónar. Niðurstaða nefndarinnar var að við hönnun skólans skyldi tekið mið af því að skólastarf eigi að einkennast af einstaklingsmiðuðum kennsluháttum. Í hverfinu er starfandi leikskóli og er stefnt að því við hönnun skólans að tengja leikskólann við Naustaskóla þannig að skólastigin vinni saman sem ein heild. Áhersla verður lögð á að skólinn verði þannig útfærður að allir finni sig þar velkoma og að skólinn þjóni sem hverfismiðstöð. Áætluð brúttó stærð skólans er 5700 m² og er þar með talið íþróttahús. Stefnt er að því að skólastarf hefjist í Naustaskóla haustið 2009.

Í byrjun maí hóf leikskólinn Hólmasól starfsemi í nýju húsnæði. Um er að ræða sex deilda leikskóla á tveimur hæðum með rými fyrir 144 börn. Framkvæmdir við verkið hófust í mars 2005 og voru verklok sumarið 2006. Markmið við hönnun Hólmasólar var að skapa aðlaðandi og skemmtilega umgjörð um metnaðarfullt leikskólastarf.

Viðbyggingin við Hlíð markar tímamót í öldrunarþjónustu á Akur-eyri og er öll aðstaða íbúa og starfsfólks með því besta sem gerist í landinu. Vígsla hússins fór fram 9. nóvember 2006. Í byggingunni er hjúkrunarheimili með 60 einstaklingsherbergjum, eldhús, matsalur og búningsaðstaða fyrir starfsfólk. Byggingin er þrjár hæðir og tæknirými í risi, samtals 3.964 m². Hún er vestan við núverandi byggingar og liggur tengigangur frá henni yfir í eldri byggingu. Við hönnunina var leitast við að koma á móts við þarfir íbúa þannig að þeir geti stundað flest það sem gert er í venjulegu heimilisstarfi, svo sem að elda, lesa, horfa á sjónvarp og taka á móti gestum svo eitthvað sé nefnt. Heildarkostnaður með búnaði er um 900 milljónir króna og brúttó stærð nýbyggingar um 3.964 m². Kostnaðarskipting samkvæmt samningi milli heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis



og Akureyrarbæjar er þannig að ríkissjóður greiðir 30%, Framkvæmdasjóður aldraðra 40% og Akureyrarbær 30%.

Í byggingu er fjölnota íþróttahús við Austurveg 5 í Hrísey með búningsaðstöðu og kennslueldhúsi. Húsið mun rísa norðan nú-verandi sundlaugar og í því verður m.a. íþrótt- og samkomusalur. Við sundlaugina verður bætt barnalaug og heitum potti. Þá verður laugarkarið grynnað, settar yfirfallsrennur og laugin klædd að innan með dúk. Sett verður nýtt yfirborðsefni á laugarsvæði umhverfis laugarkar og að búningasklefum. Framkvæmdir hófust á árinu og eru áætluð verklok í júní 2008.

Á árinu var unnið að endurbótum og viðhaldi á Barnaskóla Akureyrar, nú Rósenborg. Verkið tókst vel og er mikil ánægja með þá ákvörðun að reynt var að halda sem mest í upprunalegt útlit bæði utan húss og innan.

Á árinu var lokið við byggingu sex leiguiðbúða við Vallartún. Rík áhersla var lögð á að skapa bjartar og notalegar íbúðir þar sem innra skipulag rýma sé haganlegt. Stærð íbúða er 48 til 61 m². Byggingarkostnaður á íbúð er 9,9 til 11,4 milljónir á verðlagi janúar 2006. Kostnaður er 192.000 kr/m².

Á árinu voru gerðir þrír nýir sparkvellar við Giljaskóla, Glerárskóla og Lundarskóla. Markmið Akureyrarbæjar með byggingu gervigrasvalla er að stuðla að heilbrigðri hreyfingu og útvist. Auk þessa var gerður blakvöllur við Lundarskóla. Það hefur sýnt sig að þessir vellir eru mikið notaðir og má því líta svo á að þetta ýti undir aukna hreyfingu barna og unglinga allan ársins hring þótt kostnaður sé nokkur. KSÍ hefur lagt til gervigrasið á vellina en kostnaður við vellina var á bilinu 20 til 23 milljónir króna á völl.

Markmið Akureyrarbæjar með endurbótum á lóð leikskólans Holtakots var að búa til skapandi umhverfi fyrir börnin og upp-fylla kröfur um öryggi á leiksvæðum. Lóðin var endurnýjuð í heild sinni, sett niður ný leiktæki, geymsluhús endurnýjað, fallundurlag lagt, stigar malbikaðir, lýsing bætt og hellulögn endurlögð. Heildar-kostnaður við endurbætur var um 13 milljónir.

Vorið 2006 var ákveðið að innrétta stúlknaeild við Hlíðarskóla og var henni valinn staður í skemmu í Skjaldarvík. Skemman er um 360 m² en um 240 m² voru innréttaðir fyrir skólann. Gera þurfti miklar endurbætur á húsnæðinu og var kostnaðurinn um 27 milljónir kr.



TÆKNI- OG UMHVERFISSVIÐ

Framkvæmdadeild

Eitt af stærstu verkefnum framkvæmdadeildar er nýbygging gatna og helstu verkefni ársins 2006 voru nýjar götur í Nesja- og Naustahverfi. Áframhaldandi spenna á vinnumarkaðinum gerði það að verkum að ekki tókst að klára öll verk sem fyrirhuguð voru, þar á meðal Miðhúsabraut, en áætlað er að henni verði lokið árið 2007.

Í Naustahverfi var lokið við götur í 3. áfanga og byrjað var á götum í 4. áfanga, Krókeyrarnöf og á þessu ári koma síðan Naustagata og Naustabraut, sem mynda tengingu inn í suðurhluta hverfisins.

Í Nesjahverfi var Goðanes að Baldursnesi byggt upp, gert hringtorg við Byko ásamt gerð götunnar Óðinsness að Byko. Haldið var áfram með Baldursnes og byrjað var á Sjafnargötu.

Í Hrísey voru göturnar Sólvallagata og Skólavegur hellulagðar auk þess sem lagnir voru endurnýjaðar. Framkvæmdum við Eyjabýggð var frestað. Heildarkostnaður við nýbyggingu gatna nam um 215 m.kr.

Helsta verkefni við endurbyggingu gatna var Aðalstrætið milli Minjasafnsins og Duggufjöru en auk þess var ráðist í endurbyggingu á Miðbraut í Hrísey. Byrjað var á breytingum á Þingvallarstræti ofan Skógarlunda til að greiða fyrir umferð á gatnamótum við aðkomu að Pálmholti og Flúðum auk Súluvegar. Heildarkostnaður vegna endurbyggingar gatna nam um 80 m.kr.

Seinna malbikslag var lagt á Dalsbraut og hluta Miðhúsabrautar. Lagt var á bílastæði við Kirkjugarða Akureyrar, Hólmasól og neðan við Samkomuhúsið. Í Naustahverfi var lagt á Vallar-, Vörðu-, Mýrar- og Skálatún auk Kjarnargötu. Vestursíða var malbikuð frá Miðsíðu að Síðubraut. Einnig var lagt á hringtorgið við Byko, á Óðinsnes að innkeyrslu við Byko, seinna klæðningarlag á Súluveg og á nýjan aðkomuveg að FSA.

Þá voru gangstéttar og ýmsir stígar utan gatna víðsvegar um bæinn byggðir upp og malbikaðir. Heildarkostnaður vegna malbikunar gatna nam um 66 m.kr.

Einnig var unnið að umferðaröryggismálum, settar upp hraða-hindranir á Brekkunni og bærin skipulagður í heild sinni m.t.t. umferðarhraða og umferðarhávaði reiknaður út. Kostnaður var um 9 m.kr.

Á árinu 2006 var áfram unnið við úrbætur í frárennslismálum. Lokið var við dælustöð á Óseyri og byggð yfirföll við Sandgerðisbót og Hlíðarbraut. Framkvæmdum vegna lagna frá yfirföllunum var frestað til ársins 2007. Áfram var unnið að forhönnun hreinsimannvirkis við Sandgerðisbót. Heildarkostnaður vegna fráveitumála var um 70 m.kr.

Við garða og opin svæði var unnið að deiliskipulagi Lystigarðsins, umhverfisskipulagi á Leirutjarnarsvæðinu ásamt hönnun á Andapollinum og umhverfi hans.

Umhverfi Samkomuhúss bæjarins var lagfært með stoðveggjum og lýsingu, hellulögnum og gróðri komið fyrir. Garðurinn við gömlu Gróðrarstöðina fékk mikla andlitslyftingu, m.a. voru stígar lagfærðir og brýr byggðar.

Á útivistarsvæðinu norðan Glerár var áfram haldið með skógrækt. Gróðursettar voru 21.400 plöntur þar og í Kjarnaskóg. Unnið var að lagfæringum og áframhaldandi endurnýjun leiksvæða í Kjarnaskógi, við Miðsíðu og Borgarhlíð og við Miðbraut í Hrísey. Þá var byrjað á nýju leiksvæði við Skálatún sem ljúka á nú í ár.

Unnið var að stígagerð í fólkvangnum í Krossanesborgum og hönnun og uppsetningu upplýsingaskilta víðsvegar í bæjarlandinu. Í ræktunarstöð bæjarins voru rækтуð um 45.000 sumarblóm sem plantað var víðs vegar um bæinn.

Rekstrarkostnaður var 12,9 milljónir króna og til framkvæmda var varið 3 milljónum króna.

Starfsemi Lystigarðsins, sem er nyrsti grasagarður í heimi, var með venjubundnum hætti. Rekstrarkostnaður hans var 26 m.kr. og

til minniháttar framkvæmda var varið um 0,5 milljónum.

Græn svæði bæjarins í daglegri hirdingu eru um 85 ha lands og trjá og runnabeð um 9 ha lands. Á árinu voru boðnir út 38 ha í grasslætti og hirdingu og er þjónustan á höndum þriggja verktaka. Í ræktunarstöðinni voru framleidd um 37.000 sumarblóm sem plantað er víða um bæinn. Um 11.000 trjám og runnaplöntum var plantað víðs vegar í bæjarlandið.

Í desember varð talsvert tjón á samgöngumannnvirkjum, stigum og opnum svæðum í kjölfar mikilla leysinga. Kostnaður vegna þess er áætlaður allt að 20 m.kr.

Svipað snið var á unglingavinnunni og fyrr. Mest af vinnu unglinganna felst í hirdingu bæjarins undir stjórn 22 flokkstjóra og voru samtals unnar 41.675 vinnustundir. Alls komu 444 unglingar 13 og 14 ára til vinnu sl. sumar og 29 fatlaðir einstaklingar unnu við ýmis verkefni að Hömrum og hjá ýmsum stofnunum bæjarins. Í sumurvinnuátaki 16 ára komu alls 138 unglingar til vinnu og vinnuframlag þeirra var um 24.867 vinnustundir. Rekstrarkostnaður var 57 milljónir.

Meindýraeyðing og gæludýraeftirlit var með hefðbundnum hætti og sama gildi um jarðeignir og búfjäreftirlit sem annast leigulönd bæjarins ásamt fjallgirdingu, fjallskilum og riðuvörnum. Rekstrarkostnaður var 12 milljónir og til framkvæmda var varið 0,7 milljónum króna.

Rekstur tjaldsvæðisins við Þórunnarstræti og að Hömrum er í höndum Skátafélagsins Klakks. Miklar framkvæmdir voru við aðkomu tjaldsvæðisins og svæðið var einnig girt. Verkið kostaði um 15 milljónir. Samtals voru gistinætur 31.000, þ.e. á svæðinu við Þórunnarstræti 17.000 og á Hömrum 14.000. Rekstur tjaldsvæðanna kostaði um 3,7 milljónir. Til framkvæmda við uppbyggingu að Hömrum var varið kr. 2,4 milljónum. Akureyrarbær rekur einnig tjaldsvæðið í Hrísey og voru ráðnir aðilar til að sjá um þrif og eftirlit þar

Árið 2006 var unnið að gagngerum breytingum við húsnaði Slökkviliðs Akureyrar við Árstíg til að fullnægja nútíma kröfum. Í Slökkviliðinu eru 35 starfsmenn og þar af ganga 29 vaktir, 6-7 á hverri vakt og starfsstöðvar eru þrjár, Árstígur 2, Akureyrarflugvöllur og Hrísey. Einnig er í gildi samningur við Brunavarnir Eyjafjarðar um að slökkviliðið þjónusti viðbragð og eldvarnareftirlit í 6 sveitarfélögum við Eyjafjörð og samningur er við Flugmálastjórn um að slökkviliðið sjái um viðbragð á Akureyrarflugvelli.

Eldvarnareftirlit er einnig hluti af starfsemi slökkviliðsins. Árið 2006 var erilsamt hjá slökkviliði Akureyrar. Sérstaklega varð gríðarleg aukning í sjúkraflugi eða um 50% á milli ára. Sjúkraflug voru 452 talsins eða 152 fleiri en árið áður og í þeim voru fluttir 464 sjúklingar. Slökkvilið fór í 2.018 útköll á árinu. Dælu og björgunarbílar slökkviliðsins voru kallaðir út í 161 skipti, þar af 102 sinnum í eld og eldboð og 59 sinnum í klippuvinnu. Sjúkraflutningsmenn slökkviliðsins voru boðaðir út í 1.405 skipti. Regluleg endurmenntun og nýmenntun starfsmanna fór fram og var til að mynda lokið við seinni hluta atvinnuslökkviliðmannanámskeiðs í verktöku fyrir Brunamálastofnun. Breytingar urðu í stjórnun í lok árs þegar nýr slökkviliðstjóri var ráðinn og Þorbjörn Haraldsson tók við af Erlingi Þór Júlínussyni.

Starfsemi Strætisvagna Akureyrar var með svipuðum hætti og árið 2005. Leiðarkerfið var ekið með fjórum vögnum á jafnmörgum leiðum og er þjónustutíminn 16 klst. virka daga og 5 klst. helgidaga. Farþegafjöldi var um 150.000 og fækkaði frá árinu áður og mest mánuðina maí til ágúst. Hafinn var undirbúningur aksturs um Naustahverfi og að laga leiðakerfið að þjónustukjörnum í bænum. Aðstaða strætisvagna og ferliþjónustu var flutt í júní frá Árstíg að Rangárvöllum og er rekið þar sameiginlegt viðgerðarverkstæði með framkvæmdamiðstöð.

Ferliþjónusta Akureyrar flutti um 40.000 farþega með þremur bílum sem er svipað og á árinu á undan. Unnið var að auknu öryggi í bílunum og settar í þá fullkomnustu hjólastólafestingar sem völ er á og bætt skráningar- og þjónustukerfi fyrir farþega. Rekstrargjöld án afskrifta voru alls 70.3 m.kr. Rekstrartekjur voru 18.6 m.kr.

Skipulagsdeild

Nýtt aðalskipulag Akureyrar 2005-2018 var samþykkt af umhverfisráðherra í desember 2006 og eru meginbreytingarnar í því tengdar skilgreiningu og uppbyggingu á miðbæjarsvæðinu, legu tengibrauta og þéttingu byggðar. Skipulag miðbæjar Akureyrar endurspeglar ásetning bæjaryfirvalda að miðbærinn verði þunga-miðja mannlífs og menningar á Akureyri. Ákveðið hefur verið að hefja undirbúning á deiliskipulagsvinnu á miðbæjarreitum nr. 1 og 4 og verður sú vinna byggð á tillögum sem valdar voru úr innsendum gögnum frá fjárfestum/byggingaraðilum. Ekki hefur enn verið ákveðið hvenær skipulagsvinna við miðbæjarreiti 2, 3 og 5 verður hafin. Gert er ráð fyrir þéttingu byggðar víða í bænum samkvæmt nýju aðalskipulagi. Stefnt er að því að nýta óbyggð svæði innan núverandi byggðar til að þjónustukerfi s.s. gatnakerfi, lagnir og stofnanir verði betur nýtt.

Hjá skipulagsdeild er nýlokið vinnu við deiliskipulagsgerð í íbúðarhverfum í Naustahverfi og Síðuhverfi. Samþykkt var nýtt deiliskipulag við Jaðarsíðu þar sem gert er ráð fyrir 10 byggingarlóðum undir 18 íbúðir, 7 lóðum fyrir einbýlishús og 3 lóðum fyrir þriggja og fjögurra íbúða raðhús. Áætlanir gera ráð fyrir að lóðunum verði úthlutað vorið 2007 og að vinna við gatnagerð verði lokið á seinni hluta þessa árs.

Í Naustahverfi liggur fyrir samþykkt deiliskipulag af hluta 1. áfanga, reit 1 og 2 sem gert er ráð fyrir að verði úthlutað í vorið 2007. Þar er gert ráð fyrir 22 byggingarlóðum fyrir 83 íbúðir sem skiptast svo: 15 lóðir undir einbýlishús, 2 lóðir fyrir parhús, 2 lóðir fyrir raðhús og 3 fyrir fjölbýli. Að auki á eftir að úthluta 5 lóðum undir 28-38 íbúðir úr 1. áfanga sem skiptast svo: 2 fjölbýlishúsalóðir, 1 raðhúsa-/fjölbýlishúsalóð og 2 parhúsalóðir og er staðsetning þessara lóða austan við reit 1 og 2. Lóðunum var allflestum úthlutað á vordögum 2007.

Deiliskipulagsvinnu er lokið í 2. áfanga Naustahverfis reit 28 við Krókeyrarnöf og er gert ráð fyrir að 6 einbýlishúsalóðum verði úthlutað á seinni hluta þessa árs. Deiliskipulagsvinna við 3. áfanga Naustahverfis er hafin og má vænta fyrstu tillagna frá hönnuðum í apríl nk.

Samtals er áætlað að á þessu ári verði úthlutað 43 íbúðarhúsalóðum undir 135-145 íbúðir. Til samanburðar var á síðasta ári úthlutað 32 íbúðarhúsalóðum undir alls 58 íbúðir. Þess má jafnframt geta að um áramótin 2007 voru framkvæmdir ekki hafnar á 70 lóðum undir alls 383 íbúðir sem úthlutað hafði verið undanförunum árum. Á árinu 2006 voru hafnar framkvæmdir við u.þ.b. 270 íbúðir, 242 íbúðir árið 2005 og 194 íbúðir 2004 sem sýnir glögggt þá aukningu sem orðið hefur bæði í úthlutunum lóða og framkvæmdum á Akureyri.

Í framhaldi af endurskoðun A áfanga Krossaneshaga verða sex iðnaðarlóðir auglýstar við Goðanes og Baldursnes. C áfangi verður deiliskipulagður á þessu ári en ólíklegt að lóðir þar komi til úthlutunar fyrr en 2008. Á síðasta ári var 35 atvinnuhúsalóðum og lóðum með annarskonar nýtingu úthlutað en heildarflatarmál þeirra er 59.430 m².





STJÓRNKERFISBREYTINGAR HJÁ AKUREYRARBÆ

Í kjölfar sveitarstjórnakosninga í maí voru gerðar talsverðar skipulagsbreytingar á yfirstjórn og deildaskipan Akureyrarbæjar og gengu þær í gildi haustið 2006. Segja má að þessar stjórnsýslubreytingar komi í beinu framhaldi af verki sem unnið hefur verið að á síðustu tveimur kjörtímabilum bæjarstjórnar Akureyrar eða frá 1998.


Breytingarnar hafa umfram allt haft eftirfarandi markmið:

1. Að færa ábyrgð og ákvarðanir sem næst þeim sem eiga að njóta þjónustu sveitarfélagsins. Í þessu felst að auka skilvirkni stjórnsýslunnar og flyta afgreiðslu mála þannig að embættismenn og nefndir hafi umboð til að afgreiða einföld erindi án þess að ákvarðanir þurfi staðfestingu bæjarstjórnar.
2. Að skýra ábyrgðarmörk milli kjörinna fulltrúa og embættismanna bæjarins. Hlutverk kjörinna fulltrúa er að móta stefnu fyrir bæjarfélagið um það hvaða þjónustu það á að veita íbúunum og hvernig hún skuli veitt og jafnframt eiga þeir að lita eftir framkvæmd stefnunnar. Embættismenn eiga að bera ábyrgð á að framkvæma stefnuna en hafa frelsi til að ákveða með hvaða aðferðum það er gert að því tilskildu að fyllstu hagkvæmni sé gætt.

Þær breytingar sem gerðar hafa verið á árinu 2006 eru framhald af fyrri aðgerðum og miða að sömu markmiðum en hafa jafnframt sértæk markmið:

1. Að stuðla að bættri yfirsýn yfirstjórnar yfir allt bæjarkerfið en jafnframt að auka sjálfstæði og ábyrgð stjórnenda. Afnáðm sviðaskipulagsins nú felur í sér að aukin ábyrgð færist til deildarstjóra sem hafa nú ekki annan beinan yfirmann en bæjarstjóra. Jafnframt er yfirstjórnin styrkt með ráðningu bæjarritara í fullt starf en meginhlutverk hans er að fara í umboði bæjarstjóra með verkstjórnarvald yfir deildarstjórum og öðrum starfsmönnum sem heyra beint undir bæjarstjóra. Bæjarstjóri og bæjarritari mynda framkvæmdastjórn bæjarins ásamt fjármálastjóra og starfs-mannastjóra sem vegna eðlis verkefna þeirra hafa nauðsynlega heildarsýn yfir bæjarkerfið.
2. Að bæta skilvirkni starfseminnar með því að vista skyld verkefni undir einum hatti, ýmist með því að sameina verkefni mismunandi nefnda undir nýrri nefnd eða með því að færa verkefni frá einni nefnd til annarrar þar sem þau eru talin eiga betur heima. Helstu breytingarnar nú eru þessar:

- Ný nefnd, samfélags- og mannréttindanefnd, hefur leyst áfengis- og vímuvarnanefnd og jafnréttis- og fjölskyldunefnd af hólmi auk þess sem nýja nefndin tekur við tómtundamálum frá fyrrverandi íþrótt- og tómtundaráði – sem nú heitir íþróttaráð – og Menntasmiðjunni frá félagsmálaráði. Segja má að samfélags- og mannréttindanefnd fáiist við ólögbundna uppeldis- og mannræktarstarfsemi auk mannréttindamála sem eru ekki falin öðrum nefndum sérstaklega. Nefndin hefur umsjón með allri starfsemi sem fram fer í Rósenborg auk þess sem hún fjallar um jafnréttisstefnu og fjölskyldustefnu bæjarins.
- Stjórn Akureyrarstofu er líka ný nefnd sem leysir menningarmálanefnd af hólmi og tekur við kynningar- og markaðsmálum sem heyrðu áður undir stjórnsýslunefnd en auk þessara málaflokka fjallar stjórn Akureyrarstofu um ferðamál og atvinnumál.
- Umsjón sormála færist frá framkvæmdaráði til umhverfisnefndar en sú nefnd tekur auk þess við verkefnum náttúruverndarnefndar og ennfremur annast hún eftirlit með umgengni á lóðum og opnum svæðum í bæjarlandinu.
- Framkvæmdadeild heyrir nú undir báðar nefndirnar, framkvæmdaráð og umhverfisnefnd en deildarstjóri nefnist bæjartæknifræðingur. Slökkvilið Akureyrar og Strætisvagnar Akureyrar heyra nú aftur undir framkvæmdadeild.
- Skipulagsnefnd er nýtt nafn á þeirri nefnd sem áður hét umhverfisráð og nafn deildarinnar sem heyrir undir nefndina breytist úr umhverfisdeild í skipulagsdeild. Verkefni deildarinnar eru nánast óbreytt undir stjórn skipulagsstjóra (skipulags- og byggingafulltrúa).





FULLTRÚAR AKUREYRARBÆJAR Í NEFNDUM OG STJÓRNUM

31. desember 2006

Bæjarstjórn Akureyrar:

Kristján Þór Júlíusson forseti
Sigrún Björk Jakobsdóttir
Elín Margrét Hallgrímsdóttir
Hjalti Jón Sveinsson
Hermann Jón Tómasson
Sigrún Stefánsdóttir
Helena Þuríður Karlsdóttir
Jóhannes Gunnar Bjarnason
Oddur Helgi Halldórsson
Baldvin Halldór Sigurðsson
Kristín Sigfúsdóttir

Bæjarráð:

Hermann Jón Tómasson formaður
Sigrún Björk Jakobsdóttir
Elín Margrét Hallgrímsdóttir
Baldvin Halldór Sigurðsson
Jóhannes Gunnar Bjarnason
Oddur Helgi Halldórsson
(áheyrnarfulltrúi)

Bæjarstjóri:

Kristján Þór Júlíusson

Endurskoðendur:

KPMG Endurskoðun Akureyri hf.

Skoðunarmenn bæjarreikninga:

Hermann Óskarsson
Jakob Björnsson

Fastanefndir

Stjórnsýslunefnd:

Kristján Þór Júlíusson formaður
Hermann Jón Tómasson
Helena Þuríður Karlsdóttir
Kristín Sigfúsdóttir
Oddur Helgi Halldórsson

Skipulagsnefnd:

Jón Ingi Cæsarsson formaður
Ólafur Jónsson
Hanna Dögg Maronsdóttir
Jóhannes Árnason
Haraldur S. Helgason

Félagsmálaráð:

Sigrún Stefánsdóttir formaður
María Egilsdóttir
Baldvin Valdemarsson
Kristín Sigfúsdóttir
Ingimar Eydal

Framkvæmdaráð -

jafnframt stjórn Fasteigna Akureyrarbæjar:

Hermann Jón Tómasson formaður
Sigrún Björk Jakobsdóttir
Hjalti Jón Sveinsson
Jón Erlendsson
Jóhannes Gunnar Bjarnason

Íþróttaráð:

Ólafur Jónsson formaður
Agnes Arnardóttir
Sveinn Arnarson
Dýrleif Skjöldal
Erlingur Kristjánsson

Samfélags- og mannréttindaráð:

Margrét Kristín Helgadóttir formaður
Baldur Dýrfjörð
María Marínósdóttir
Ingólfur Ásgeir Jóhannesson
Gerður Jónsdóttir

Kjarasamninganefnd:

Ásgeir Magnússon formaður
Þórarinn B. Jónsson
María Ingadóttir

Kjörstjórn:

Helgi Teitur Helgason formaður
Þorsteinn Einar Arnórsson
Helga G. Eymundsdóttir

Stjórn Akureyrarstofu:

Sigrún Björk Jakobsdóttir formaður
Helena Þuríður Karlsdóttir
Unnar Jónsson
Baldvin Halldór Sigurðsson
Halla Björk Reynisdóttir

Skólanefnd:

Elín Margrét Hallgrímsdóttir formaður
Sigrún Stefánsdóttir
Þorlákur Axel Jónsson
Dýrleif Skjöldal
Anna Halla Emilsdóttir

Umhverfisnefnd:

Hjalti Jón Sveinsson formaður
Jón Ingi Cæsarsson
Linda María Ásgeirsdóttir
Jón Kristófer Arnarsson
Erla Þrándardóttir

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar:

Bæjarstjóri
Hermann Jón Tómasson
Oddur Helgi Halldórsson

Fulltrúar Akureyrarbæjar í samstarfsnefndum/verkefnum

Almannavarnanefnd Eyjafjarðar:

Bæjarstjóri
Bæjartækniþræðingur
Slökkviliðsstjóri

Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar:

Baldur Dýrfjörð formaður
Jóhanna Ragnarsdóttir
Lára Stefánsdóttir til 21.11.2006
Þorgerður Þorgílsdóttir frá 21.11.2006
Dýrleif Skjöldal

Félagsstofnun stúdenta við Háskólann á Akureyri:

Halla Margrét Tryggvadóttir

Hafnasamlag Norðurlands:

Björn Magnússon formaður
Guðgeir Hallur Heimisson
Anna Júlíusdóttir
Ólafur Þ. Jónsson
Víðir Benediktsson

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra:

Þóra Ákadóttir formaður
Frosti Meldal

Fulltrúaráð Málræktarsjóðs:

Erlingur Sigurðarson

Stjórn Minjasafnsins á Akureyri:

Ragnheiður Jakobsdóttir
Guðrún Kristjánsdóttir
Baldvin Halldór Sigurðsson

Hljómsveitarráð Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands:

Gunnar Frimannsson formaður
Guðmundur Magnússon
Elín Margrét Lýðsdóttir

Samstarfsnefnd um ferlimál fatlaðra:

Bergur Þorri Benjamínsson

Stjórn sambands íslenskra sveitarfélaga:

Kristján Þór Júlíusson

Launanefnd sveitarfélaga:

Hermann Jón Tómasson

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra:

Sigrún Björk Jakobsdóttir
Kristján Þór Júlíusson
Hermann Jón Tómasson
Sigrún Stefánsdóttir
Kristín Sigfúsdóttir
Jóhannes Gunnar Bjarnason
Oddur Helgi Halldórsson

Héraðsnefnd Eyjafjarðar:

Hjalti Jón Sveinsson
Kristján Þór Júlíusson
Helena Þuríður Karlsdóttir
Baldvin Halldór Sigurðsson
Jóhannes Gunnar Bjarnason
Oddur Helgi Halldórsson

Stjórn Eypings:

Sigrún Björk Jakobsdóttir

Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar bs.:

Helena Þuríður Karlsdóttir
Valur Knútsson
Baldvin Esra Einarsson

Vaxtarsamningur Eyjafjarðar

Sigríður Stefánsdóttir

Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands:

Kristján Þór Júlíusson
Hermann Jón Tómasson

Veidifélag Eyjafjarðarár:

Jóhannes Kristjánsson

Vetrariþróttamiðstöð Íslands:

Þórarinn B. Jónsson
Nói Björnsson

Fulltrúar Akureyrarbæjar í stjórnnum fyrirtækja

Sorpeyðing Eyjafjarðar bs.:

Baldvin Halldór Sigurðsson
Hermann Jón Tómasson

Fóðurverksmiðjan Laxá hf.:

Árni Viðar Friðriksson

Þekkingarvörður ehf.

Jón Kristinn Sólnes

